

170 leiðbeiningar og frekari birtingar þjónustusamlega tjá yður, að hið umbeðna leyfi veitist, eptir því, sem ástatt er.

171 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útbýtingu stjórnartíðindanna til hreppstjóra.* — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. þ. m., vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er samþykkt, að 1 expl. af B deild stjórnartíðindanna sje frá 1. janúar 1879 sent ókeypis hverjum hreppi á Íslandi, til afnota fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra, þannig að hann sje skyldur til að geyma tíðindin og afhenda þau eptirmanni sínum í stöðunni, er til þess kemur.

172 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurskoðun reikninga.* — Í þóknanlegu brjefi frá 14. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að yður hafi ekki tekizt að fá Lárus yfirdómara Sveinbjörnsson til þess að takast á hendur endurskoðun reikninga þeirra, sem koma frá hinum íslenzku gjaldheimtumönnum, með sömu kostum, sem endurskoðunin nú er falin Árna landfógeta Thorsteinssyni, og að þjer þess vegna hafið álitid rjettast að nota tilboð Árna Thorsteinssonar, um að halda endurskoðuninni áfram um næstkomandi ár. Jafnframt því að skýra frá þessu, hafið þjer enn fremur lagt það til; að Árni landfógeti Thorsteinsson verði losaður við umgetið endurskoðunarstarf frá 31. desbr. 1879.

Fyrir þessar sakir vil jeg til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar þjónustusamlega tjá yður, að jeg hefi fallizt á tillögur yðar, herra landshöfðingi,

173 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk handa barnaskóla* 13. nóvbr. — Með heiðruðu brjefi stiptyfirvaldanna frá 11. þ. m. meðtók jeg erindi, þar sem hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi ásamt stjórnöndum barnaskólans¹⁾ samastaðar fer þess á leit, að skóla þessum, sem á fullri eign skólahús, er hreppsnefndin með samþykki sýslunefndarinnar hefir keypt handa honum, verði lagður styrkur af fje því, er veitt hefir verið til slíkra stofnana með 13. gr. C. 6 fjárlaganna, og hefi jeg veitt tjeðum skóla styrk að upphæð 200 kr. fyrir skólaár það, er yfir stendur.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðendunum, og bið jeg þeim afhenta hjálagða ávisun.

Erindisbrjef fyrir vitavörðinn á Reykjanesi.

174
14. nóvbr.

1. gr.

Við vitann á Reykjanesi er skipaður vitavörður með 800 kr. árslaunum og bera

1) Í skýrslu um þennan skóla segir hlutaðeigandi sóknarprestur, að hann hafi verið haldinn 3 vetur frá 1. október 1875 til 14. maí 1878, að í honum hafi verið kennt kverið, biblíusögur, landafræði, mannkynssaga, reikningur, danska og söngur, og að nú sjeu 26 börn í skólanum, þeim skipt í 2 deildir, og noti kennarinn eitt af hinum efnilegustu börnum í efri deildinni sjer til aðstoðar við kennsluna í hinni neðri.